

Miðvikudagur 24. janúar kl. 16.00 Fjarfundur

Mættir:

Nanný Arna Guðmundsdóttir, Unnur Björk Arnfjörð, Ívar Kristjánsson, Edda Graichen, Steinunn Aldís Einarsdóttir og Dagný Arnalds.

**Fundargerð:**

- Formleg sameining Leik- og Grunnskóla Öndarfjarðar.** Í desember síðast liðinn samþykkti fræðslunefnd tillögu starfshópsins að Leikskólinn Grænigarður og Grunnskóli Öndarfjarðar yrðu formlega samþykktir sem ein stofnun. Líklega hefur sameiningin þegar átt sér stað í huga flestra málinu tengdu. En eins og starfshópurinn hefur bent á hafa stofnanirnar ekki verið formlega sameinaðar fyrr en nú. Verkefni starfshópsins verði þarafleiðandi að leiða sýn og stefnu nýrrar stofnunar sem framvegis starfar undir sameinaðri skólanámskrá og starfsáætlun. Í kjölfarið undir einni fjárhagsáætlun og einni stofnun gagnvart rekstraraðilanum Ísafjarðarbæ. Til þess að klára formlega þetta ferli þarf starfshópurinn að senda bókun til bæjarráðs þar sem óskað er eftir því að starfshópurinn starfi fram í júní 2018 en upphaflega var hópnun ætla að skila af sér í desember 2017. Starfshópurinn samþykkti að skila eftirfarandi bókun til bæjarráðs hið fyrsta:
  - **Bókun:** Starfshópur um eflingu skólastarfs á Flateyri óskar eftri því við bæjarstjórn að hópurinn fái heimild til þess að starfa til 30. júní 2018 til að ljúka viðfangsefnum sínum.
- Kristrún fór yfir verkefni haustsins sem hafa verið unnin.**
  - Faglegur stuðningur við stærðfræðikennslu frá skólaskrifstofu hefur borist eftir þörfum aðallega á unglíngastigi. Mikil ánægja með þetta fyrirkomulag. Hópurinn sammála um að það sé mikilvægt sé að leita leiða til þess að fagleg þekking sitji eftir t.d. við mótun námsvísa og kennsluáætlana ef mögulegt er.
  - Sameinuð starfsáætlun Leik og Grunnskóla Öndarfjaraðrar ([hlekkur](#) hér). Kláraðist í desember 2017. Helstu viðfangsefni voru að leggja drög að, skrifa, greina eða endurgera eftirfarandi áætlanir sem skólastjóri endurskoðar og uppfærir með starfsmönnum skólans. Ásamt því að safna saman þeim upplýsingum sem ætlað er samkvæmt gilandi Aðalnámskrá.
- Forgangslisti verkefna** (í viðhengi), endurmeta og fara yfir. Viðfangsefni janúar til mars eru samkvæmt gildandi tímalínu (í viðhengi). Ákveðið að tímalínan væri áfram í fullu gildi og unnið verði samkvæmt henni áfram.
  - Mótun skólanámskrár, stefnumótun og undirbúningur skólanámskrárgerðar.
  - Skólastefna Ísafjarðarbæjar - staða.
  - Leiðsagnarmat og kennsluhættir - innleiðing
- Lýðháskóli** - Dagný og Ívar gerðu stuttlega grein fyrir vinnu félags um stofnun Lýðháskóla á Flateyri. Stór fundur er fyrirhugaður laugardaginn 3. febrúar næstkomandi. Ekki liggur enn fyrir hvernig eða hvort starfsemi Lýðháskólans á Flateyri komist í gagn haustið 2018. Framkvæmdastjóri hefur verið ráðinn til þess að vinna með stjórn Lýðháskólans og fagráðum að undirbúningi skólans, fjármögnun og þróun námsbrauta en stefnt er að því að hægt verði að taka á móti nemendum á einni námsbraut haustið 2018.
- Uppsögn skólastjóra.** Unnur Björk Arnfjörð gerði grein fyrir því að hún væri búin að segja stöðu sinni lausri og nú þegar væri verið að undirbúa að auglýsa eftir nýjum skólastjóra. Unnur Björk mun starfa út skólaárið.

Starfshópurinn var sammála um að Unnur Björk hefði markað skólastarf Leik- og Grunnskóla Önundarfjarðar með jákvæðum skólabrag og verk hennar sæjst greinilega í skólastarfinu og að hennar yrði sárt saknað. Í ljósi uppsagnarinnar telur starfshópurinn mjög mikilvægt að skólabragurinn verði færður í orð í skólanámskrá skólans svo að vinnubrögðin megi frekar viðhaldast.

6. **Stefnumótun vegna nýs skóla;** Leik- og grunnskóla Önundarfjarðar. Gagnasöfnun hefst. Starfshópurinn var sammála um að vanda þyrfti til verks við mótun skólans. Skólastefna Grunnskóla Önundarfjarðar var endurskoðuð síðast árið 2000 og Leikskólans Grænagarðs líklega haustið 1999. Starfshópurinn er sammála um mikilvægi þess að ákveðnir þættir myndu birtast sterklega í endurskoðaðri skólanámskrá leik- og grunnskóla Önundarfjarðar:

- Faglegur stuðningur og samstarfs fagaðila í Ísafjarðarbær verði ávallt fastur og sjálfsagður liður í skólastarfinu.
- Að tækifæri til fjarnáms, fjarsamvinnu og fjarkennslu verði skoðaðir þegar mönnun skólans liggur fyrir hverju sinni.
- Að tækifæri til faglegs samstarfs verði nýtt frá leikskólastigi og upp úr.
- Samstarf og samvinna stofnana og fyrirtækja á svæðinu verði haft í fyrirrúmi. Sérstaklega að nýta samlegðaráhrif upprennandi Lýðháskóla.

7. **Dagskrá heimsóknar** 5. febrúar rædd og samþykkt:

- Lokahönd lögð á undirbúning kvöldsins með skólastjóra og kennara. 13.30 til 16.00
- Fundur með starfshópi: kl. 16.00 - Farið yfir skipulag fundar kvöldsins. Hópurinn skiptir með sér verkum.
- Vinnufundur með foreldrum og nemendum kl. 18.00. Lögð áhersla á að byrja að safna gögnum um sjónarmið hagsmunaaðila varðandi sýn og stefnu nýs skóla og varðandi húsnæðismál sameinaðs skóla.
  - Skólastarf 21. aldarinnar og krafa Aðalnámskrár grunnskóla 2011.
  - Sýn og stefna leik- og grunnskóla Önundarfjarðar.
  - Húsnæðismál leik- og grunnskóla Önundarfjarðar.

8. **Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 18.30**